



**Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands**

## **HEIMSÓKN Í QINGDAO**

Fyrsti viðkomustaður forseta og fylgdarliðs föstudagsmorguninn 20. maí var þjóðarsafnið í Shanghai þar sem skoðaðar voru kínverskar fornminjar, einkum gersemar úr bronsi og postulíni. Þaðan var haldið að höfuðstöðvum upplýsingatæknifyrirtækisins ZTE í borginni, en fyrirtækið er einn helsti framleiðandi farsímataekja og tölvulausna í Kína. Forsvarsmenn rannsóknar- og þróunardeildar ZTE kynntu forseta, fylgdarliði og viðskiptasendinefnd skjótan uppgang fyrirtækisins á umliðnum árum og framtíðarsýn þess, sem m.a. felur í sér veigamikla þátttöku í fjarskiptum á alþjóðavettvangi. Í fyrirtækinu vinna um 400 starfsmenn með doktorspróf og um 6000 einstaklingar með meistarapróf og það rekur háskóla á eigin vegum. Búnaður frá ZTE er nú þegar nýttur víða um heim.

Skömmu eftir hádegi flaug íslenska sendinefndin frá Shanghai til Qingdao borgar í Shandong héraðinu, en þar er ein helsta miðstöð sjávarútvegs í Kína. Í borginni og aðliggjandi nágrennabæjum búa ríflega 7 milljónir manna og þar er næst stærsta höfn landsins. Í Qingdao hafa íslensk fyrirtæki á sviði sjávarútvegs og flutninga þegar byggt um umsvifamikla starfsemi.

Forseti og fylgdarlið héldu rakið af flugvelli Qingdao borgar til Huafu Senley frystihússins sem er eitt fjölmargra frystihúsa í borginni sem vinnur fyrir íslenska aðila. Þar tóku á móti forseta Jón Kristjánsson, Ellert Vigfússon og aðrir forsvarsmenn fyrirtækisins Sjóvíkur ásamt Sigurjóni Árnasyni bankastjóra Landsbankans. Huafu frystihúsið vinnur einvörðungu fyrir Sjóvík. Forseta og fylgdarliði þótti afar forvitnilegt að kynna vinnsluáferðum í frystihúsinu og hafði forseti orð á því í viðtölum við blaðamenn að starfsemi hinna íslensku fyrirtækja á borð við Sjóvík væri vitnisburður um þann glæsilega árangur sem unnt væri að ná á grundvelli langrar reynslu Íslendinga af vinnslu sjávarfangs og víðtækri þekkingu á alþjóðlegum markaði fyrir unnar sjávarafurðir. Við værum hér

að kynnast nýju skeiði í alþjóðavæðingu sjávarútvegs þar sem Íslendingar tækju forystu.

Síðdegis var fundur forseta og Han Yuqun héraðsstjóra Shandong fylkis, Du Shicheng aðalritara Kommúnistaflokksins, Sun Shoupu varahéraðsstjóra og annarra ráðamanna í Shandong fylki og Qingdao borg. Héraðsstjórinn gerði forseta grein fyrir sögu fylkisins og Qingdao borgar og þeim mikla efnahagslega uppgangi sem hefði einkennt svæðið á umliðnum árum. Hann rakti jafnframt þátt hinna íslensku fyrirtækja í atvinnulífi svæðisins og lýsti mikilli ánægju með glæsilegan árangur þeirra.

Forseti vék fyrst að farsælli samvinnu Qingdao og Íslendinga á sviði fiskvinnslu og flutninga, samstarfi sem hefði vaxið gríðarlega á nýliðnum misserum og ætti sér bjarta framtíð með góðum stuðningi borgar- og héraðsyfirvalda.

Eftir viðræðufundinn bauð Han Yuqun héraðsstjóri forsetahjónum og fylgdarliði þeirra ásamt fulltrúum íslenskra fyrirtækja til hátíðarkvöldverðar. Í ræðu sinni við það tækifæri hét héraðsstjórinn m.a. fullum stuðningi yfirvalda við samstarf íslenskra og kínverskra fyrirtækja í Qingdao.

Á morgun, laugardaginn 21. maí, verður viðamikið viðskiptaþing í Qingdao þar sem íslensk og kínversk fyrirtæki kynna samstarf sitt og íslenskum viðskiptaaðilum býðst tækifæri til að kanna viðskiptatækifæri á svæðinu.

21. maí 2005